

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2024, þriðjudaginn 29. október kl. 10:10 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1181. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.

Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Margrét Pálína Cassaro og Sigurður Stefán Karlsson.

Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Ármúli 30 - USK24090289

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24070307 þannig að sótt er um breytingar vegna lokaúttektar á lóð nr. 30 Við Ármúla. Gjald kr.15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimulm og stofnerindi.

2. Barðavogur 16 - USK24100130

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við suðurenda bílskúrs, breyta gluggum auk breytinga innanhúss á íbúðarhúsi nr. 16 við Barðavog. Stækkun 18,1 ferm. Erindinu fylgir yfirlit breytinga dags. 25 júlí 1963.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

3. Bjarmaland 13 - USK24050290

Sótt er um leyfi til að byggja steypa stoðveggi í stað timburgrindverks í húsi nr. 13 við Bjarmaland. Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

4. Dugguvogur 9 - USK24100147

Sótt er um leyfi til að gera 13,6 ferm. sólskála og heitan pott á þaksvalir íbúðar 0501 í mhl. 04 í húsi nr. 9 við Dugguvog.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

5. Engihlíð 6 - USK24020089

Sótt er um leyfi til þess að sameina lóðir, byggja viðbyggingu fyrir lyftu, rífa stromp, einangra húsið að utan og klæða með múrkerfi, gera hurðargat í burðarvegg, setja rampa auk ýmissa innanhússbreytinga í húsi nr. 6 við Engihlíð. Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 7. febrúar 2024, mat á burðarhæfni dags. 5. febrúar 2024 og yfirlit breytinga og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. mars 2024 sem og umsögn skipulagsfulltrúa við fyrirspurn 19. september 2024. Stækkun xx ferm. og xx rúmm.
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

6. Eyjarlóð 1 - USK24050177

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi 2. hæðar, rými 0201, koma fyrir tvennum svölum á suðurhlíð, breyta gluggasetningu, endurnýja þak og klæða að utan með dökkri áklæðingu suðurhluta vörugeymslu við Hólmaslóð 2A, mhl.01, á lóð nr. 1 við Eyjarlóð.

Erindi fylgir samþykki meðeiganda á skönnuðu afriti skjals + Arkitekta nr. S1, dags. 8. september 2024 og afrit af aðaluppdráttum samþykktum 16. maí 2006.
Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé gerð, þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsinga á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

7. Fjallkonuvegur 1 - USK24070114

Sótt er um leyfi til að byggja sjálfvirka þvottastöð á lóð nr. 1 við Fjallkonuveg. Stærð: 144 ferm., 693,2 rúmm. Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið. Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

8. Framnesvegur 19 - USK23050142

Sótt er um leyfi til þess að rífa einnar hæðar geymslu frá árinu 1920 og byggja á sama stað tveggja hæða viðbyggingu með svölum við einbýlishús byggt 1913, á lóð nr. 19 við Framnesveg.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 26. september 2024, umsögn burðarþolshönnuðar dags. 28. apríl 2023, varmatapsútreikningar og orkurammai dags. 2. maí 2023 ásamt afrit af tölvupóstum milli hönnuða og Minjastofnunar.
Gjald kr. 14.000.

Frestað. Vísað til athugasemda.

9. Freyjugata 16 - USK24090192

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061489 vegna lokaúttektar í húsi á lóð nr. 16 við Freyjugötu. Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

10. Grettisgata 20A - USK24050253

Sótt er um leyfi að fjölga eignum, bæta við tveimur nýjum íbúðum, einni í kjallara og annarri á rishæð mhl.01, dýpka kjallara, rífa núverandi stigahús og byggja viðbyggingu á tveimur hæðum auk kjallara, og svala til suðurs auk þess að byggja nýbyggingu mhl.02, með tveimur íbúðum, á tveimur hæðum auk kjallara á suðurhluta lóðar nr. 20A við Grettisgötu.

Afgreiðist samhlíða erindi USK25060130, sem fjallar um samskonar framkvæmir fyrir aðliggjandi hús á lóð nr. 20B við Grettisgötu.

Stækkun Mhl.01: 144.9 ferm., 489.4 rúmm.

Stærð Mhl.02: 159.4 ferm., 514.8 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar um frávík frá algildri hönnun varðandi íbúð 0001 dags. 23. október 2024, greinargerð frá hönnuði dags. 21. ágúst 2024, ódagsett greinargerð Tensio verkfræðistofu um burðarþolshönnun, umsagnir Minjastofnunar varðandi mhl.01 dags. 8. febrúar 2023 og mhl.02 dags. 15. júní 2023 og 22. október 2023, afrit af tillögu að deiliskipulagsbreytingu á teikningu 1125-00-01a dags. 16. febrúar 2024, hæðablað dags. september 2014 yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 13. maí 1976, og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti, sem fallin er úr gildi, samþykktum 24. janúar 2017.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

11. Grettisgata 20B - USK24060181

Sótt er um leyfi til þess að fjölga eignum, þannig að í húsinu verði fjórar íbúðir, rífa núverandi stigahús og byggja viðbyggingu á tveimur hæðum auk kjallara og svala til suðurs á íbúðarhúsi á lóð nr. 20B við Grettisgötu.

Afgreiðist samhlíða erindi USK25050253, sem fjallar um samskonar framkvæmir fyrir aðliggjandi hús á lóð nr. 20A við Grettisgötu.

Stækkun: 131,2 ferm., 489,8 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð frá hönnuði dags. 21. ágúst 2024, umsagnir Minjastofnunar varðandi mhl.01 dags. 8. febrúar 2023 og mhl.02 dags. 15. júní 2023 og 22. október 2023, afrit af tillögu að deiliskipulagsbreytingu á teikningu 1125-00-01a dags. 16. febrúar 2024, hæðablað dags. september 2014, yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 11. júlí 2000 og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti, sem fallin er úr gildi, samþykktum 24. janúar 2017.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

12. Gylfaflöt 10 - USK24050393

Sótt er um leyfi til þess að fækka eignum með því að sameina rými 0101 og 0102 og innrétta sem líkamsræktarstöð með um 4-5 starfsmenn og rými fyrir um 30 gesti í iðnaðarhúsi á lóð nr. 10 við Gylfaflöt.

Erindi fylgir umsögn Vinnueftirlitsins dags. 28. október 2024, ódagsett samþykki meðlóðarhafa, og yfirlit breytinga byggð á skjáskotum af aðaluppdráttum.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé gerð, þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsinga á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

13. Hagamelur 8 - USK24080316

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun rýmis 0101 úr bílskúr í vinnustofu, skipta bílskúrshurð út fyrir einangrað tímurfag með glugga og hurð og koma fyrir tveimur nýjum gluggum á norðvesturhlið, á lóðarmörkum að lóð nr. 10 á bílskúr, mhl.02, á lóð nr. 8 við Hagamel.

Erindi fylgir samþykki (sumra) meðlóðarhafa og lóðarhafa lóðar nr. 10 við Hagamel og nr. 7 við Grenimel.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

14. Hlaðbær 17 - USK24030335

Sótt er um leyfi til að síkka glugga í kennslustofum og gera dyr þar sem fyrir eru gluggar, gera skábraut við vestur inngang á norðurhlið, einangra og klæða eldri hluta húss með sléttum álplötum, breyta lagnakerfum, styrkja burðarvirkja og uppfæra eldvarnir í húsi á lóð nr.17 við Hlaðbæ. Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

15. Hringbraut 50 - USK24100165

Sótt er um leyfi fyrir veitingastað í flokki II, teg XX fyrir 80 manns í húsi nr. 50 við Hringbraut.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

16. Hverfisgata 115 - USK24090240

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum og nýrri kaffiastöðu fyrir starfsfólk Mathallar Hlemms í húsi nr. 115 við Hverfisgötu. Erindi er unnið samhliða erindi Laugaveg 107 Hlemm mathöll.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

17. Hverfisgata 83 - USK24090117

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun, eignarhaldi og rýmisnúmerum vegna gerðar eignarskiptasamnings, þannig að íbúð 0003 verður íbúð 0001 og rými sem áður voru í sameign, rými 0002, sem áður var lesstofa, verður geymsla og tilheyrir íbúð 0001 og rými 0001 sem áður var barnapössun verður nú geymsla 0016, auk anddyri með snyrtingu og eldhúskrók sem tilheyrir íbúð 0103 í íbúðarhúsi á lóð nr. 83 við Hverfisgötu.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 16. október 2024 og yfirlit breytinga á afrita aðaluppdráttar samþykktum 30. desember 1993.

Gjald 15.400.

Frestað. Lagfæra skráningu.

18. Háteigsvegur 2 - USK24070140

Sótt er um leyfi til að byggja tvær viðbyggingar, annars vegar biðstofu framan við núverandi anddyri á norðurhlíð og hins vegar nýtt anddyri á austurhlíð íbúðar- og atvinnuhúss á lóð nr. 2 við Háteigsveg. Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 31. maí 2024 og lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. apríl 2024. Erindið var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Háteigsvegi 1, 3 og 4 og Rauðarárstíg 40 og 42, frá 18. september 2024 til og með 16. október 2024. Engar athugasemdir bárust.

Stækkun: 28,3 ferm., 175,1 rúmm.

Eftir stækkun: 582,6 ferm., 1.693,1 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Lagfæra skráningu.

19. Háteigsvegur 35 - USK24070072

Sótt er um leyfi að byggja 60 íbúða steinsteypt fjölbýlishús á lóð nr. 35 við Háteigsveg.

Erindi fylgir hæðarblað dags. 27.08.2021 gálisti aðaluppdráttu. Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.

Stærðir, ferm. 4.642,8 Rúmm.14.326,6

Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

20. Háteigsvegur 9 - USK24100196

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og eignarhaldi á geymslum og sameign í kjallara og til þess að uppfæra rýmisnúmer í fjölbýlishúsi á lóð nr. 9 við Háteigsveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 9. nóvember 1939.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

21. Krókháls 5A - USK24090114

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðri framkvæmdum sem snúa að breytingum innanhúss og svo byggingarleyfi fyrir nýjum svölum, flóttastiga, ný hurð í stað björgunarops ásamt salerni fatlaðra í húsi nr. 5A við Krókháls. Húsaskoðun hefur farið fram fyrir áður gerð atriði.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Lagfæra skráningu.

22. Lambhagavegur 23 - USK24050294

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum og viðbyggingu á atvinnuhúsnæði á lóð nr. 23 við Lambhagaveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 12. ágúst 2014.

Stækkun, ferm. 332,7 rúmm. 882,5.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

23. Langholtsvegur 43 - USK24060426

Sótt er um leyfi til að byggja glerskála við hús á lóð nr. 43 við Langholtsveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 24. maí 2016.

Fyrir breytingu: 621,7 ferm., 1.867,7 rúmm. Eftir breytingu: 622,4 ferm., 1.896,2 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

24. Laugavegur 107 - USK24080227

Sótt er um leyfi til að breyta rými 008 sem áður var kaffistofa í uppvaskefni og færa kaffiáðstöðu stafsmanna í annað húsnæði í húsi nr. 107 við laugarveg. Erindi fylgir umsögn vinnueftirlitsins dags. 26. ágúst 2024.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

25. Njálsgata 36 - USK24100223

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN060722 vegna lokaúttektar þannig að utanhússklæðningu viðbyggingar hefur verið breytt í báruál, trappa frá verönd 0018 felld niður og skráningartafla uppfærð því til samræmis, einnig hefur útfærslu á hjólaskýli verið breytt við íbúðarhús á lóð nr. 36 við Njálsgötu.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 18. október 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 31. maí 2022.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

26. Njálsgata 70 - USK24100146

Sótt er um leyfi til þess að fjarlægja glugga og endurnýja þak á tengigang á lóð nr 70 við Njálsgötu.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

27. Njörvasund 30 - USK24090258

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu á einbýlishúsi á lóð nr. 30 við Njörvasund. Erindi fylgir mæliblað 1.414.1 dags. mars 1952. Stærð: 40,7 ferm., 130 rúmm. Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

28. Rafstöðvarvegur 33 - USK24030253

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðri einnar hæðar viðbyggingu, sólskála, úr timbri við suðausturhlið íbúðar 0101, hús nr. 33, í tvíbýlishúsi á lóð nr. 33 - 33A við Rafstöðvarveg.

Stækkun: 24.0 ferm., 60.0 rúmm.

Erindi fylgir skýrsla um húsaskoðun dags. 10. október 2024, óþinglýst samþykki eiganda íbúar 0102 dags. 13. mars 2024 og A3 afrit af aðaltekningum samþykktum 22. ágúst. 2022.

Gjald kr. 13.200.

Frestað. Lagfæra skráningu.

29. Seljabraut 38 - USK24100180

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að innra skipulagi hefur verið breytt og íbúð hefur verið stækkuð með því að opna upp í þakrými þar sem innréttuð hefur verið geymsla og sjónvarpshol auk þess sem komið hefur verið stiga á milli hæða í íbúð 0401 í fjölbýlishúsi nr. 38, mhl.02 á lóð nr. 36 - 52 við Seljabraut.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 22. mars 2005.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

30. Skipholt 44 - USK24080167

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem snúa að breytingum innanhúss og í húsi nr. 44 við Skipholt. Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

31. Skyggnisbraut 15 - USK24100133

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN059103 með síðari breytingum BN060248, BN060891 og USK24080165, þannig að innréttuð verður naglaskóli, naglastofa og skartgripaverslun í rými 0102 á 1. hæð í íbúðar- og atvinnuhúsi við Skyggnisbraut 15, mhl.04, á lóð nr. 1 við Rökkvatjörn.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 17. september 2024.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

32. Snorrabraut 83 - USK24060305

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun, dýpka um 350mm og innrétta í rýmum 0101 og 0102 tvær aukaíbúðir í bílskúr, mhl.02, á íbúðarhúsalóð nr. 83 við Snorrabraut.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

33. Stuðlaháls 2 - USK24100207

Sótt er um leyfi fyrir breytingu á erindi BN058331 og BN060860. Þannig að sótt er um breytingu á innra skipulagi í húsi á lóð nr. 2 við Stuðlaháls.

Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

34. Stuðlasei 26 - USK24100249

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu með aukaíbúð í húsi nr. 26 við Stuðlasei. Stækkun 35,5 fer, pg 163,3 rúmm. Erindi fylgir samþykki annarra dags. 21.október 2024 og yfirlit breytinga dags. 30. október 1975.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

35. Stóragerði 40 - USK24100225

Sótt er um leyfi til að fjarlægja hús, tanka, olúskiljur, malbik og lagnir í jörð auk skipta um jarðveg á bensínstöðvarreit á lóð nr. 40 við Stóragerði.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

36. Sólvalagata 22 - USK24060035

Sótt er um leyfi til þess að byggja kvist á austurþekju einbýlishúss á lóð nr. 22 við Sólvalagötu.

Erindið var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Hávalagötu 33 og 31 og Sólvalagötu 20, frá 18. september 2024 til og með 16. október 2024. Engar athugasemdir bárust.

Stækkun: 2.1 ferm., 2.1rúmm.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 25. mars 2024 og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 14. maí 2027.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

37. Úlfarsbraut 14 - USK24100060

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058349. og BN060786 með því að fella út handrið á útistiga í húsi nr. 14 við Úlfarsbraut.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

38. Vesturbrún 2 - USK24080228

Sótt er um leyfi til að gera tvö bílastæði og byggja stakstæðan, staðsteyptan bílskúr, samsíða bílskúr á lóðarmörkum lóðar nr. 12 við Brúnaveg með aðkeyrslu frá Brúnavegi, mhl.02, á lóð nr. 2 við Vesturbrún.

Stærð: 42.1ferm., 127.0 rúmm.

Sjá jafnframt erindi USK2301008 sem dregið hefur verið til baka.

Gjald kr. 14.000.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé gerð, þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsinga á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt. Askilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

39. Pönglabakki 6 - USK24090267

Sótt er um leyfi til þess að fækka eignum með því að sameina rými 0106, 0107 og 0108 og breyta innra skipulagi, og innrétta sölutum veitingastað í flokki 1 teg C, og spilasal í verslunar- og skrifstofuhúsi við Pönglabakka 6, mhl.07, á lóðinni Álfabakki12-16/Pönglabakki.

Jafnframt er erindi USK23110229 dregið til baka.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Fundi slitið kl. 12:10

**Brynjar Þór Jónasson
Edda Þórsdóttir
Margrét Pálína Cassaro
Sigurður Stefán Karlsson
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir**